



## Skipulagsnefnd Skaftárhrepps

Fundur nr.150 **Málsnr 1801006** var haldinn á Kirkjubæjarstofu á Kirkjubæjarklaustri, föstudaginn 30.ágúst 2019, kl. 15:00.

Mættir eru Jón Hrafn Karlsson formaður, Bjarki Guðnason, Bergur Guðnason (v.m. Gústafs B. Pálssonar sem er fjarverandi) , Jóna Björk Jónsdóttir (v.m. Kristbjargar Hilmarsdóttur sem er fjarverandi) og Rúnar Þorri Guðnason (v.m. Davíðs Andra Agnarsson sem boðaði forföll. Einnig sitja fundinn Sandra Brá Jóhannsdóttir sveitarstjóri, Margrét Ólafsdóttir land- og stjórnsýslufræðingur frá Landmótun og Ólafur Elvar Júlíusson skipulags- og byggingarfulltrúi sem jafnframt ritar fundargerð.

### 1. 1908007 Hrífunes – Umsókn um aðalskipulagsbreytingu. Stækkun á svæði V2.

Ómar Guðmundsson f.h. landeigenda og Friðrik Friðriksson, Studio F-Arkitektum, koma til fundar og fylgja eftir umsókn um aðalskipulagsbreytingu sem og kynna áform um frekari uppbyggingu í Hrífunesi, 100-150 herbergja hótél og 50 herbergja starfsmannaðstöðu.

*„Skipulagsnefnd þakkar fyrir fróðlega og upplýsandi kynningu. Skipulagsnefnd óskar eftir frekari gögnum. Rétt er að benda á að um tilkynningar skylda framkvæmd er að ræða.“*

### 2. 1903003 Hæðargarður - Breyting á aðalskipulagi.

Um er að ræða tillögu að breytingu á þéttbýlisuppdrætti og greinargerð í samræmi við skipulagslög 123/2010. Viðfangsefni tillögunnar er, vegna skorts á íbúðarlóðum innan þéttbýlisins til lengri tíma, að gera eftirfarandi breytingu á þéttbýlinu á Kirkjubæjarklaustri:

- Skilgreindur er nýr reitur fyrir verslun og þjónustu, V-10, milli þjóðveggar og frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi, en reiturinn liggur meðfram þjóðvegi 1 þar sem í dag er skilgreint óbyggt land.
- Norðurendi svæðis frístundabyggðar F-4 í gildandi aðalskipulagi er breytt í íbúðarsvæði ÍB-7.
- Íbúðarsvæði ÍB-6 er skipt upp í tvö svæði , ÍB-6 og ÍB-8.
- Skilmálum fyrir íbúðasvæði ÍB-6, legu og stærð er breytt, lóðum er fjölgað innan svæðisins og nýtingarhlutfall hækkað.
- Settir eru skilmálar fyrir ný íbúðasvæði ÍB-7 og ÍB-8.
- Opíð svæði Ú-10 verður skilgreint á milli verslunar- og þjónustu V-10 og íbúðarsvæðis ÍB-7 og frístundabyggðar F-4.

Tillagan var auglýst frá **20.júní -1.ágúst 2019**. Nokkrar athugasemdir bárust á athugasemdatíma. Nýjar umsagnir Heilbrigðiseftirlits Suðurlands, Minjastofnunar Íslands og Umhverfisstofnunar væntanlegar á næstu dögum. Eldri umsagnir þegar skipulagslýsingin var auglýst á haustmánuðum 2017 liggja fyrir frá Veðurstofu Íslands, Umhverfisstofnun, Skipulagsstofnun, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands og Minjastofnun Íslands.

*„Skipulagsnefnd frestar afgreiðslu þar til nýjar umsagnir liggja fyrir. „*

**3. Hæðargarður – Lóð H8. Ósk um stækkun lóðar.**

Magnús Þorfinnsson kt. 191238-2509 óskar eftir að lóð H8 verði stækkuð skv. meðfylgjandi upprætti.

*„Skipulagsnefnd samþykkir deiliskipulagstillöguna fyrir sitt leiti en leitað verði álits Skipulagsstofnunar hvort breyta þurfi aðalskipulagi.“*

**4. 1901003 – Systrakaffi – byggingarleyfisumsókn**

Systrakaffi ehf. kt.530201-2010 sækir um byggingarleyfi fyrir 115,2 m2 viðbyggingu skv. meðfylgjandi teikningum.

*„Skipulagsnefnd samþykkir byggingarleyfið með fyrirvara um samþykki meðeigenda.“*

**5. 1906012/1705004 Gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála í Skaftárhreppi**

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram endurskoðaða gjaldskrá vegna skipulags- og byggingarmála og gatnagerðargjalda í Skaftárhreppi.

*„Skipulagsnefnd leggur til eftirfarandi breytingau í gjaldskránni:  
Gr. 1.1 Leyfi fyrir niðurrifi húsa færast í 30.000,- gjaldflokk, pr. lögbyli óháð fjölda.  
Að öðru leiti vísar skipulagsnefnd gjaldskránni til umfjöllunar og afgreiðslu sveitarstjórnar“*

**6. 1902014 Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2019**

Skipulags- og byggingarfulltrúi leggur fram endurskoðaða Húsnæðisáætlun Skaftárhrepps 2019 með athugasemdum Íbúðarlánasjóðs.

*„Skipulagsnefnd fór yfir athugasemdir Íbúðarlánasjóðs og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að fullvinna áætlunina að þeim athugasemdum meðtöldum.“*

**7. 1908008 Holt 2, L163366 – Umsókn um skráningu nýrrar landeignar.**

Rarik ohf, kt. 520269-2669 fh. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, sækir um leyfi til að stofna lóð fyrir litla spennistöð.

*„Skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leiti leyfið en beinir því til leyfisumsækjanda að leita álits Umhverfisstofnunar vegna nálægðar við friðlýst svæði Álfaversgíga.“*

**8. 1908014 Ljótastaðir, L163403 – Umsókn um skráningu nýrrar landeignar.**

Heiða Guðný Ásgeirsdóttir, kt. 260478-4279 sækir um leyfi til að stofna lóð fyrir íbúðarhús.

Bergur Guðnason víkur af fundi vegna vanhæfis við afgreiðslu þessa liðs.

*„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“*

*ÞVG  
13/8  
Rheg*



**9. 1908016 Flaga 2 – Umsókn um skipulagsmál. – Deiliskipulag.**

Jóna Líska Gísladóttir kt. 110363-3389, sækir um gerð deiliskipulags fyrir 1,4ha landspítidu L176602. Þessir reitur V4 merktur sem verslun og þjónusta á aðalskipulagi

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið. Skipulags- og byggingarfulltrúa falið að auglýsa deiliskipulagstillögnuna“

**10. 1908017 Sléttaból – Erindi um leiðréttingu á hnitasetningu lóðar.**

Öryggisfjarskipti ehf. kt. 641106-1430 fh. landeiganda, Ríkisjóðs Íslands, sækir um leiðréttingu á hnitasetningu lóðar, L221644. Á lóðinni stendur fjarskiptahús.

„Skipulagsnefnd samþykkir erindið.“

**11. Önnur mál**

- Svæðiskipulag Suðurlálandis til kynningar.
- Heimsmarkmið – lokaskýrsla til kynningar.
- Endurskoðun aðalskipulags 3.fundur – til kynningar.

Fleirra ekki gert. Fundi slitið 18.37

Jon Bjart Jón  
Bjartur V. Guðnason  
Bergur K. Guðnason  
Jon Jónas Kásson  
Rannsóttur P. Guðnason